



Reykjavíkurborg

Réttindi barna í leikskólum

Innleiðing Barnasáttmálans í sex leikskólum



Anna Magnea Hreinsdóttir, Kristín Hildur Ólafsdóttir,
Kristín Petrína Pétursdóttir og Sigyn Blöndal
30. maí 2023

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Þátttakendur í verkefninu	3
Réttindi barna í leikskólum.....	4
Framkvæmd.....	7
Starfendarannsóknir.....	8
Reglulegir fundir	9
Greinargerð um notkun styrkjár	13
Mat á verkefni	14
Næstu skref í verkefninu	14
Heimildir	16

Inngangur

Markmið verkefnisins er að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt í starfshætti sex leikskóla Reykjavíkurborgar í samstarfi við SFS, UNICEF og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólanum. Byggja leikskólarnir allir starf sitt á markmiðum og hugmyndafræði Barnasáttmálans og stigu því fleiri skref til að laga starfshætti sína að hugmyndum sáttmálans í verkefninu. Um er að ræða þriggja ára verkefni sem felst í (1) kynningu á réttindum barna, þátttöku og áhrifamætti, (2) innleiðingu á ákvæðum Barnasáttmálans í daglegt starf og (3) í mati á innleiðingunni og hvernig hægt er að festa verkefnið í sessi í leikskólunum. Í þessari skýrslur er gerð grein fyrir fyrsta fasa verkefnisins.

Þeir leikskólar sem eru aðilar að þessu verkefni hafa allir verið að vinna með ákvæði Barnasáttmálans og hafa brennandi áhuga á því að laga starfshætti sína að hugmyndum sáttmálans, m.a. með því að valdefla börnin, hlusta betur á hugmyndir þeirra og stuðla að því að þeir verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólunum. Leikskólar Reykjavíkur vinna eftir lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Reykjavíkur. Hver og einn leikskóli hefur þó svigrúm innan þess ramma og leggur línur hvað varðar gildi og áherslur leikskólans. Leikur er megin námsleið barna í leikskóla og í gegnum leikinn læra börnin á lífið og tilveruna og skapa eigin þekkingu. Megin markmið í leikskólum Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Litið er á barnið sem virkan einstakling í eigin námi og horft er til þess að börn eigi að hafa rödd þegar kemur að skipulagi og áherslum leikskólans. Markvisst er unnið að því innan leikskóla að öll börn öðlist sterka og heilbrigða sjálfsmynd og trú á eigin getu og náí árangri. Einnig að þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og læri að lifa í sátt og samlyndi við sig og aðra. Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar er að börn og unglingar öðlist menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag (Reykjavíkurborg, 2019). Því er lykilatriði að starfsfólk leikskólanna þekki vel til Barnasáttmálans og geti unnið samkvæmt honum og búið börnum umhverfi sem styður við réttindi barna.



Pátttakendur í verkefninu

Verkefnastjóri verkefnisins er Kristín Petrína Pétursdóttir leikskólastjóri sem hefur starfað með verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúar frá SFS, UNICEF og HI. Hefur verkefnastjórnin fundað reglulega til að skipuleggja og meta framgang verkefnisins.

Þeir leikskólar sem eru aðilar að verkefninu eru Ævintýraborg Eggertsgötu, leikskólarnir Gullborg, Laugsól, Vinagerði, Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni ásamt Ævintýraborg Nauthólsvegi, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og UNICEF á Íslandi.

Pátttakendur hafa skilgreint hlutverk umsækjenda í verkefninu á eftirfarandi hátt:

Hlutverk skóla og frístundasviðs er að fylgjast með innleiðingu ákvæða Barnasáttmálans í leikskólunum með það fyrir augum að fleiri leikskólar Reykjavíkurborgar geti nýtt sér þá reynslu sem skapast í innleiðingaferlinu og lært af þróunarverkefninu. Einnig að stuðla að kynningu á verkefninu á fundum leikskólastjóra.

Hlutverk leikskóla er að fræðast um Barnasáttmálann, kortleggja stöðuna í leikskólanum, vinna að tilgreindum verkefnum og meta hvernig til tókst.

Hlutverk UNICEF er að miðla reynslu af sambærilegri vinnu á grunnskólastigi og í frístundaheimilum, og miðla reynslu frá alþjóðlegu tengslaneti UNICEF, m.a. frá starfshópi UNICEF í 18 landsnefndum UNICEF sem vinnur markvisst að innleiðingu Barnasáttmálans í skólastarfi. Reynsla UNICEF er sú að töluvert þarf að bæta í þekkingarbankann til þess að réttindafræðsla og markviss vinna með réttindi barna geti átt sér stað. Íslenskir leikskólar byggja á sterkum grunni til þess að þróa verkefni eins og þetta og mun vinnan skila sér til leikskóla í fjölda landa vegna tengsla UNICEF á Íslandi við önnur lönd. UNICEF vinnur auk þess í samstarfi við Háskóla Íslands að skrásetningu og greiningu á verkefninu og árangursmati. Auk þess leiðbeinir UNICEF leikskólum í réttindafræðslu fyrir starfsfólk og börn.

Hlutverk Háskóla Íslands er að aðstoða við gerð styrkumsóknar og lokaskýrslu. Einnig að greina stöðuna hjá leikskólunum í upphafi verkefnisins, fylgjast með innleiðingaferlinu með heimsóknum í leikskólana, með skráningum og viðtölum og framsetningu á niðurstöðum. Fyrirhugað er að skrifa ritrýnda grein í fræðirit um ferlið að því loknu.

Réttindi barna í leikskólum

Eins og fyrr segir er markmið verkefnisins að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt í starfshætti fimm leikskóla í samstarfi við SFS, UNICEF og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Einnig að laga starfshætti sína að hugmyndum sáttmálans. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólanum.

Markmiðin endurspegla áherslu Menntastefnu Reykjavíkurborgar á að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs (Reykjavíkurborg, 2019). Gengið er út frá því að börn séu sérfræðingar í lífi sínu, geti myndað sér skoðanir á málefnum sem þau varða, látið þær í ljós og haft áhrif á daglegt líf sitt.

Á undanförunum árum hefur áhersla verið lögð á réttindi barna og þátttöku þeirra í ákvarðanatökum í leikskólastarfi. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) sem var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989 og fullgiltur á Íslandi 1992 (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1992) hefur haft áhrif þar á. Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi þann 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Með lögfestingu Barnasáttmálans hefur verið vakin athygli á samfélagslegri stöðu barna og réttindi barna verið alþjóðlega viðurkennd. Áhersla er lögð á virðingu fyrir sjónarmiðum barna og rétti þeirra til að hafa áhrif á málefni sem varða þau.

Samningurinn tekur einnig á rétti barna á vernd fullorðinna fyrir hugsanlegri skaðlegri reynslu.

Lagasetning á Íslandi byggist á samningnum, þar með talin lög um leikskóla nr. 90/2008. Þar er kveðið á um að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun (lög um leikskóla nr. 90/2008). Sömu áherslu má finna í nýsamþykktu menntastefnu fyrir árin 2021–2030 þar sem kveðið er á um að frá fyrstu tíð skuli rödd nemenda heyrast og þeir fá tækifæri til að hafa áhrif á námsumhverfi sitt (Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030). Megin gildi menntastefnunnar eru þrautseigja, hugrekki, þekking, hamingja og sjálfbærni. Stefnan byggir á fimm stöðum sem styðja við þær áherslur sem fram koma í Barnasáttmálanum og Aðalnámskrám. Fyrsta aðgerðaráætlunin inniheldur níu aðgerðir sem allar hafa áhrif á leikskólastarf. Má þar einnig finna meðal annars áherslu á raddir barna og áhrifamátt þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021). Verkefnið styður sérstaklega við aðgerð nr. 8 í fyrstu aðgerðaáætlun stjórnvalda til að ná markmiðum menntastefnunnar.

Einnig endurspeglast markmið Barnasáttmálans í Aðalnámskrá leikskóla (2011) þar sem einn grunnþáttur menntunar er lýðræði og mannréttindi. Aðalnámskráin fjallar um hugmyndafræði leikskóla og leiðarljós og leikinn sem kjarna leikskólastarfs og helstu námsleið ungra barna. Í samræmi

við Barnasáttmálann gæti aukinnar áherslu í námskránni á sjónarmið barna og lýðræðislegt leikskólastarf sem byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Aðalnámskráin kveður á um að leikskólar meti starf leikskólans á lýðræðislegan hátt skv. þeim gildum sem sett eru fram í námskránni og reglugerð nr. 893/2009 um mat á leikskólastarfi. Að auki má sjá aukna þátttöku barna og virkni í Menntastefnu Reykjavíkur með áherslu á að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs (Reykjavíkurborg, 2019). Gengið er út frá því að börn séu sérfræðingar í lífi sínu, geti myndað sér skoðanir á málefnum sem þau varða, látið þær í ljós og haft áhrif á daglegt líf sitt.

Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins felst sú skuldbinding að þeir sem vinna með börnum hlusti á þau og taki alvarlega það sem þau hafa að segja og leyfi sjónarmiðum þeirra að hafa áhrif á umhverfi þeirra (Brooker, 2001). Á Íslandi hefur rannsóknum með börnum fjölgað á síðastliðnum árum, þar sem rannsakendur hafa leitað eftir sjónarmiðum og reynslu barna af mikilvægum þáttum í lífi þeirra (t.d. Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson, 2012; Hrönn Pálmadóttir og Eva M. Johansson, 2015; Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2003; Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2019; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017, 2019). Niðurstöður þessara rannsókna sýna að börn hafa getu til að tjá skoðanir sínar ef viðhorf fullorðinna og sýn til barna byggist á getu þeirra og hæfni og að viðeigandi aðferðum sé beitt til að nálgast sjónarmið þeirra (Clark, 2020; Clark og Moss 2005). Niðurstöður sýna einnig að ekki skorti vilja meðal leikskólakennara að hlusta á börn og virkja áhrifamátt þeirra, en það virðist hins vegar ekki hafa forgang í öllum dögum (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012).

Rannsóknir hér á landi og í nágrannalöndunum benda til þess að börn hafa oft lítið um skólastarfið að segja og fá ekki raunveruleg tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku. Í stað þess að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar, þá virðast börn helst hafa möguleika á að hafa áhrif á einstaklingsbundna þætti sem settir eru fram sem val út frá fyrirfram ákveðnum möguleikum sem kennarar setja fram (Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Ekki er ljóst hvaða áhrif Barnasáttmálinn og rannsóknir með börnum hafa haft á leikskólastarf hér á landi, en margir leikskólar hafa sýnt áhuga á að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt, meðal annars í samstarfi við UNICEF. Nokkuð er um að leikskólar hafi lagað starfhætti sína að hugmyndum sáttmálans.

Fólk upplifir gjarnan mannréttindi sem fjarlæggt hugtak sem erfitt geti verið að festa fingur á. Þekking fólks á mannréttindum er gjarnan takmörkuð við mannréttindabrot í alþjóðlegu samhengi, t.d. í stríði eða við náttúruhamfarir. Mannréttindi eru hins vegar einnig hluti af hversdagsleikanum og jafnframt náttúrulegur þáttur í starfi leikskólans. Ávinningur verkefnisins felst í hagnýtingu Barnasáttmálans. Með þaulreyndri aðferðafræði Réttindaskóla UNICEF á grunnskólastigi hyggjast þátttakendur rýna í dagsskipulag leikskólans, þá sérstaklega starfshætti, skipulag starfsstaðar og aðstöðu með það að markmiði að gefa börnum reglubundin tækifæri til þess að hafa bein áhrif á fyrrnefnda þætti.

UNICEF vinnur nú með fjölmörgum leikskólum á Íslandi að þróun Réttindaskóla UNICEF. Vel gengur að vinna að verkefninu á grunnskólastiginu bæði hérlendis og í þúsundum skóla víðsvegar um heiminn. Hins vegar er skortur á heildstæðum innleiðingarferil fyrir leikskólastigið og er sú vinna kominn vel af stað meðal annars með þessu verkefni.

Hugmyndafræði Réttindaskóla byggir á heildstæðri sýn á sambandi barna, skóla og samfélags. Með fimm mælanleg langtímamarkmið réttindaskóla að leiðarljósi stefna Réttindaskólar að því að börn:

- Læri um réttindi sín
- Læri í umhverfi sem styður við réttindi þeirra
- Læri að hafa áhrif og berjast fyrir réttindum sínum og annara

Markmið Réttindaskóla UNICEF eru:

- ✓ Aukin þekking á Mannréttindum – starfsfólk og börn auka þekkingu sína á réttindum barna
- ✓ Lýðræði – börn fá reglubundin tækifæri til þess að taka þátt í ákvarðanatöku
- ✓ Eldmóður fyrir mannréttindum – börn eru hvött til þess að beita sér fyrir réttindum sínum og annara
- ✓ Forsendur Barnasáttmálans hluti af daglegu starfi – stjórnendur vinna með markvissum hætti að því að gera sáttmálann að viðmiði í stjórnslu skóla- og frístundastarfs
- ✓ Samstarf – samstarf skóla við alla sem koma að uppeldi barnsins með það að markmiði að raungera réttindi barnsins.

Markmið UNICEF með þátttöku í verkefninu er að miðla þekkingu sem skapast við að prófa aðferðir og verkefni og þróa sem gera kennurum kleift að beita hugmyndafræði Réttindaskóla með öllum aldurshópum (UNICEF, e.d.).

Afrakstur verkefnisins eru áætlaðar bættar leiðbeiningar um innleiðingu réttinda barna í starfshætti í leikskólum og ljóslifandi dæmi um viðhorf, verkefni, viðfangsefni og starfshætti sem styðja við réttindi barna og lýðræðislegt leikskólastarf. Afraksturinn verður m.a. aðgengilegur í verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Framkvæmd

Hugmyndafræði Réttindaskóla er útfærð á eftirfarandi hátt (sjá mynd 1):

0. Fræðsla um réttindi barna er formfest. Með tillögum og efni frá UNICEF mótar skóli sér áætlun um réttindafræðslu.
1. Skóli byggir upp grunninn fyrir farsælli innleiðingu. Skólasamfélagið kynnr sér verkefnið og ábyrgð hvers og eins í framkvæmd verkefnisins er ákveðin.
2. Skóli mælir stöðu þekkingar á réttindum barna, öryggi og aðgengi í rýmum,
3. Gögn (reynsla og skoðanir barna) eru notaðar til þess að vinna með börnum að aðgerðum sem koma hugmyndum barna í framkvæmd. Skóli setur sér raunhæft markmið um árangur á hverju ári,
4. Skóli rýnir í stefnur, m.a. í ofbeldisforvörnum, tilkynningarskyldu og jafnrétti og uppfærir og tryggir að þær hafi þau áhrif á starfið sem þær eiga að hafa.
5. UNICEF metur árangur verkefnisins með viðtölum við börn, starfsfólk foreldra. Auk þess rýnir skólinn í árangur sinn með því að taka saman aðgerðir sem fóru frá hugmynd yfir í veruleika og nýtir eigin markmið til þess. Auk þess endurtekur skóli stig 2 og hefur því ferðalag sitt um hringinn aftur. Í Hvert sinn sem stig 2 er framkvæmt fást gögn sem nýtast í árangursmat.
6. Skóli hlýtur viðurkenningu sem Réttindaskóli.
7. Ferðalag skólans heldur áfram, hring eftir hring. Skóli sækir um endurmat á viðurkenningunni á þriggja ára fresti.




Mynd 1. Innleiðingahringur réttindaskóla

Helstu aðgerðir í verkefninu felast í þróun á stigi tvö og þrjú, að mæla stöðu þekkingar á réttindum barna, öryggi og aðgengi í rýmum. Einnig að vinna með reynslu og skoðanir barna og að sjá til þess að skoðanir þeirra leiði til aðgerða.

Starfendarannsóknir

Unnið var að innleiðingaferlinu í anda starfendarannsókna (e. action research) sem felst í því að byggt er á fagþekkingu kennara á vettvangi (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2009). Um er að ræða ferli sem hentar vel til að halda utan um þróunarstarf (sjá mynd 2).



Mynd 2. Ferli starfendarannsókna

Þá skoða kennarar jafnt og þétt eigin starfsaðferðir með það að markmiði að bæta þær, finna nýjar og prófa sig áfram með nýjar aðferðir eða nálgun (McNiff, 2013). Lögð var áhersla á lærdómssamfélag jafningja og umræðum í verkefninu með reglulegum fræðslu- og umræðufundum og kynningum leikskólanna á þeirri þróun sem átti sér stað innan leikskólans.

Eins og fyrr segir benda rannsóknir hér á landi og í nágrannalöndunum til þess að börn hafa oft lítið um skólastarfið að segja og fá ekki raunveruleg tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku. Í stað þess að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar, þá virðast börn helst hafa möguleika á að hafa áhrif á einstaklingsbundna þætti sem settir eru fram sem val út frá fyrir fram ákveðnum möguleikum sem kennarar setja fram (Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Niðurstöður rannsókna sýna að börn hafa getu til að tjá skoðanir sínar ef viðeigandi aðferðum er beitt til að nálgast sjónarmið þeirra. Ekki skortir vilja

meðal leikskólakennara að hlusta á börn og virkja áhrifamátt þeirra, en mikilvægt er að þeir hafi þá sýn að börn hafi margt fram að færa og hafi yfir að ráða þekkingu á viðeigandi aðferðum til að nálgast sjónarmið þeirra og virkja þau til áhrifa í daglegu starfi.

Áhersluþættir leikskólanna

Hver leikskóli valdi sér í upphafi verkefnisins afmarkaðan þátt í starfinu til að skoða og þróa út frá réttindum barna. Hér má sjá áhersluþættina:

Bríetartún

Leikskólinn opnaði í mars 2022 og er að stíga sín fyrstu skref. Það er verið að móta skólanámskrá leikskólans, gildi og starfshætti. Áhersla þeirra í verkefninu er mótun hvíldarstefnu sem tekur mið af barnasáttmálanum.

Gullborg

Töluverðar endurbætur hafa átt sér stað á húsnæði leikskólans og hafa elstu börnin mjög góða aðstöðu í dag. Áhersla leikskólans er á að auka trú á eigin getu og efla lýðræði barnanna í matmálastímum.

Laugasól

Leikskólinn er með starf sitt á nokkrum starfsstöðvum núna, þar sem mygla greindist í hluta húsnæðisins. Starfsfólk ræddi um að það væri ríkt í menningu hluta leikskólans að öll börn fari út á sama tíma. Áhersla leikskólans er á útiveru og kallar starfsfólkið eftir aðstoð við að fá starfsfólkið með sér í breytingar.

Vinagerði

Gengur mjög vel að efla réttindi barna í daglegu starfi á eldri deildum leikskólanna. Erfiðlega gengur á annarri yngri deildinni sem verið er að vinna í. Áhersla leikskólans er á útiveru og fataherbergi, þ.e. að börnin velji sjálf hverju þau klæðast fyrir útiveruna og hvenær þau fara út.

Ævintýraborg við Eggertsgötu

Leikskólinn opnaði vorið 2022 og er að móta skólanámskrá, gildi og starfshætti. Áhersla verður lögð á börn sem virka þátttakendur, valdeflandi samskipti, beyjuskipti og samverustundir. Áhersla þeirra í verkefninu er á aðlögunartímabilið.

Ævintýraborg við Nauthólsveg

Leikskólinn opnaði vorið 2022 og er að móta skólanámskrá, gildi og starfshætti. Áhersla þeirra er á flæðandi matartíma þar sem lögð er áhersla á sjálfshjálpi barnanna.

Reglulegir fundir

Sex mánaðarlegir tveggja tíma fundir voru skipulagðir með tengiliðum leikskólanna þar sem fram fór fræðsla og umræða um skilgreinda verkþætti. Einnig var haldinn sameiginlegur starfsmannafundur allra leikskólanna í mars 2023. Á milli funda unnu þátttakendur verkefni með samstarfsfólki sem öll miðuðu að því að innleiða réttindi barna í daglegt starf hvers leikskóla.



Mynd 3. Upphafsfundur verkefnisins

Fundirnir voru haldnir á eftirfarandi tímum:

15. ágúst 2022 – Kornhúsið, Árbæjarsafn

Dagskrá:

- Kynning á verkefninu. Anna Magnea, Kristín Hildur, Pétur og Sigyn
- Kaffihlé
- Unicef-fræðsla og verkefni- Pétur og Sigyn Unicef
- Starfendarannsóknir- Anna Magnea og Hrönn Pálmadóttir Menntavísindasviði

- Hádegisverður

5. september 2022 - Kerhólar, Borgartúni

Dagskrá:

- Kynningar leikskóla á áhersluatriðum í verkefninu – Gullborg, Laugasól, Vinagerði
- Kaffihlé
- Kynningar leikskóla á áhersluatriðum í verkefninu – Ævintýraborg Eggertsgötu, Ævintýraborg Nauthólsvegi og Ungbarnaleikskólinn Briertartúni
- Önnur mál og næstu skref

10. október 2022 - Kerhólar, Borgartúni

Dagskrá:

- Kynningar leikskóla á áhersluatriðum í verkefninu
- Kaffihlé
- Kynningar leikskóla á áhersluatriðum í verkefninu
- Önnur mál og næstu skref

7. nóvember 2022 - Kerhólar, Borgartúni

Dagskrá:

- Virk þátttaka barna í leikskólastarfi – fjórir grunnþættir
- Kaffihlé
- Vinna leikskóla með þættina í tengslum við áhersluatriði hvers leikskóla
- Önnur mál og næstu skref

Desember 2022 – Heimsóknir Önnu Magneu og Hrannar í leikskólana. Viðtöl.

16. janúar 2023 – Húsnæði UNICEF

Dagskrá:

- Kynning á starfsemi UNICEF
- Stöðumat starfsfólks
- Kynningar leikskólanna

8. febrúar 2023 - Háskóli Íslands, Menntavísindasvið Stakkahlíð

Dagskrá:

- Kynning Gullborgar og Ævintýraborgar Nauthólsvegi
- Breytingastjórnun, skráning og ígrundun
- Stöðumatið - aðgerðaráætlun – sameiginlegur fundur
- Önnur mál og næstu skref



Mynd 4. Fundur á menntavísindasviði

21. mars 2023 - Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Stakkahlíð

Dagskrá:

- Kynning á Réttindaleikskólaverkefninu og innleiðingarferlinu
- Hressingarhlé
- Réttindaleikskólar í Kópavogi fjalla um reynslu sína af innleiðingarferlinu
- Önnur mál og næstu skref



Mynd 5. Kynning frá Kópavogsbæ á fundi með öllu starfsfólki leikskólanna

15. maí 2023 - Kerhólar, 7. hæð Borgartúni 12.

Dagskrá:

- Kynning frá leikskólum hámark 10 mín. Samantekt frá vetri út frá gátlista (fylgir með fundarboði)
- Létt hressing
- Kynning frá leikskólum
- Drög að skipulagi næsta vetrar rædd og umræður
- Mat á verkefninu

Greinargerð um notkun styrkfjár

Próunarstyrkur- Réttindi barna í leikskólum 2022 - 2023		
Styrkur frá Reykjavíkurborg		4.000.000
Fundasalir og veitingar	169.809	
Kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu	665.000	
Afritun viðtala	106.500	
Greiðslur til leikskóla	732.000	
Alls greiðslur	1.673.309	
Eftirstöðvar styrks 1. júlí 2023		2.326.691

Mat á verkefni

Háskóli Íslands fylgist með, skráir ferlið og skrifar um það skýrslu og fræðigrein. Leikskólarnir hafa verið heimsóttir og tekin hafa verið rýnihópaviðtöl við tengiliði í verkefninu. Einnig liggja fyrir kynningar leikskólanna sem lýsa vel þeirri þróun sem átt hefur sér stað innan leikskólanna.

UNICEF hefur lagt stöðumat fyrir starfsfólk leikskólanna og ætti það að liggja fyrir í júní 2023. Verður það nýtt til að móta aðgerðaráætlun hvers leikskóla veturinn 2023-2024. UNICEF nýtir viðmið sín um hvað þarf til að teljast réttindaskóli og leggur höfuðáherslu á árangur fyrir börn í öllum verkefnum sínum (UNICEF, e.d.). Mat á árangri verkefnis er stöðugt út verkefnið og byggir á samtölum við þátttakendur. Við lok verkefnis byggir mat á samanburði kortlagningar sem skólar gera við upphaf og lok verkefnis, viðtölum og rýnihópum með börnum og starfsfólki og stöðluðum spurningalista. Verkefnið verður metið af þátttakendum með þjóðfundarsniði í lok hvers verkþáttar og umbætur gerðar.

Næstu skref í verkefninu

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir fasa 1 í þriggja ára verkefni um réttindi barna í leikskólum sem felst í (1) kynningu á réttindum barna, þátttöku og áhrifamætti, (2) innleiðingu á ákvæðum Barnasáttmálans í daglegt starf og (3) í mati á innleiðingunni og hvernig hægt er að festa verkefnið í sessi í leikskólunum. Næstu skref í verkefninu, eða fasi 2 verða tekin veturinn 2023 – 2024 á eftirfarandi hátt:

15 – 26 ágúst

Hver leikskóli setur niður aðgerðaráætlun– Anna Magnea og Hrönn heimsækja leikskólana og aðstoða. Vinna með verkefnahefti og annað efni UNICEF – Sigyn fylgir eftir.

11. september kl. 9:00-11:00

Bríetartún heimsótt – hver leikskóli tekur amk. eitt atriði úr heimsókninni með sér í sinn skóla til að ígrunda og ræða.

2. október kl. 9:00-11:00

Gullborg heimsótt – hver leikskóli tekur amk. eitt atriði úr heimsókninni með sér í sinn skóla til að ígrunda og ræða.

6. nóvember kl. 9:00-11:00

Laugasól heimsótt – hver leikskóli tekur amk. eitt atriði úr heimsókninni með sér í sinn skóla til að ígrunda og ræða.

Janúar – sameiginlegur starfsdagur ákveðinn í samráði við leikskólana.

Hópnum er skipt í tvennt og þrjár leikskólar verða saman í hvort skipti

3 tímar – um réttindi barna og lýðræðislegt leikskólastarf

Laugasól, Vinagerði, Ungbarnaleikskólinn Bríetartún

Ævintýraborg við Eggertsgötu, Ævintýraborg við Nauthólsveg, Gullborg

5. febrúar kl. 9:00-11:00

Vinagerði heimsótt – hver leikskóli tekur amk. eitt atriði úr heimsókninni með sér í sinn skóla til að ígrunda og ræða.

4. mars kl. 9:00-11:00

Ævintýraborg Eggertsgötu heimsótt – hver leikskóli tekur amk. eitt atriði úr heimsókninni með sér í sinn skóla til að ígrunda og ræða.

8. apríl kl. 9:00-11:00

Ævintýraborg Nauthólsveg heimsótt – hver leikskóli tekur amk. eitt atriði úr heimsókninni með sér í sinn skóla til að ígrunda og ræða.

6. maí kl. 9:00-11:00- Mat á verkefningu og næsti vetur skipulagður.

Kerhólar, 7. hæð Borgartún 12

Heimildir

- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/4331>
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). Hver hlustar? Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–99). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Brooker, L. (2001). *Doing early childhood research. International Perspectives on Theory and Practice*. Routledge.
- Clark, A. (2020). Towards a listening ECEC system. Í C. Cameron og P. Moss (ritstjórar), *Transforming early education in England: Towards a democratic education* (bls. 134–151). UCL Press.
- Clark, A. og Moss, P. (2001). Listening to young children. National Children’s Bureau; Rowntree Foundation. Clark, A. og Moss, P. (2005). *Spaces to play: More listening to young children using the Mosaic approach*. National Children’s Bureau.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson. (2012). Trú leikskólabarna á eigin getu: Nokkur tilbrigði við aðferðafræðileg stef úr kenningu Bandura. *Tímarit um uppeldi og menntun* 21(2), 113–138.
- Hrönn Pálmadóttir og Eva M. Johansson (2015). Young children’s communication and expression of values during play sessions in preschool. *Early Years An International Journal of Research and Development* 35(3), 1-14. DOI: 10.1080/09575146.2015.1048429
- Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Yngstu börnin: samfélag í leik. *Tímarit um uppeldi og menntun* 21(2), 43–69.
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“: Hlutverk þriggja leikskólakennara í leik barna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/007.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir (2003) Principles underlying the work of Icelandic preschool teachers, *European Early Childhood Education Research Journal*, 11:1, 39-53.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2009). *Starfendarannsóknir*. RannUng. <http://docplayer.net/45974181-Starfendarannsoknir-johanna-einarsdottir.html>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2022). Bernskurannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir (Ritstj.), *Menntun ungra barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir (2019). Hvaða augum líta börn leikskólakennara? Hlutverk og miðlun gilda í leikskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. http://netla.hi.is/serrit/2019/menntun_barna_leik_grunn/01.pdf DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.33>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011a). *Aðalnámskrá leikskóla*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). *Menntastefna 2030. Aðgerðaráætlun 1*.

McNiff, J. (2013). *Action Research: Principles and Practice*. Routledge

Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. (2019). Látum draumana rætast. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030.

Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalagd, nr. 893/2009.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1992).

Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“: Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2017 – Innsýn í leikskólastarf*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

http://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf

Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2019). Fullgildi í leikskóla: Sjónarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun* 29(2), 113–131.

Þingskjal nr. 1111/2021. Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030.

UNICEF. (e.d.). Réttindaskóli UNICEF. <https://unicef.is/rettindaskoli>